
Fjósið í Nauthúsabotnum

Rannsókn á minjum í landi Teigarhorns



Kristborg Þórsdóttir & Stefán Ólafsson

FS1090-23051

Fornleifastofnun Íslands ses

Reykjavík



Forsíðumynd: Nauthúsabotnar við upphaf rannsóknar, í bakgrunni er Búlandstindur. Búið er að mæla fyrir uppgraftarsvæðinu sem sneri þvert á meinta fjóstóft. Horft er til vesturs.

© Fornleifastofnun Íslands ses
Bræðraborgarstígur 9
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Veffang: fsi@fornleif.is

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: MÍ202305-0053 / 8.02 / S.B.

Þjóðminjasafnsnúmer: 2023-24.

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna:

SM-239:022: sjá Stefán Ólafsson (ritstj.). 2015. Fornleifaskráning í landi Teigarhorns. FS565-15181. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Stutt lýsing rannsókna: Rannsókn á aldri og eðli tófta í Nauthúsabotnum.

Tegund rannsókna: Vísindarannsókn.

Ástand fornleifa við lok rannsókna: Í könnunarskurði sem grafinn var þvert á tóft SM-239:022A var grafið í gegnum yngri mannvistarlög en elstu mannvistarlögin eru óskert. Að viðhöfðu samráði við minjavörð Austurlands var ekki fyllt upp í skurðinn við lok rannsókna en svæðið var tyrft.

Staðsetning: Teigarhorn, Múlaþing (Djúpavogshreppur), Suður-Múlasýsla.

GPS hnit: A: 721843 / N: 471515.

Rannsóknartími: 12.6.2023 - 18.6.2023.

Leyfishafi: Kristborg Þórsdóttir.

Fjöldi starfsmanna: 3.

Efnisyfirlit

Útdráttur og lykilorð	5
Staðsetningarkort	6
Inngangur	7
Markmið og framkvæmd	8
Aðferðafræði	9
Gripir	9
Jarðvegssýni	9
Fjóstóft, uppgröfur og snið	10
Byggingarstig I, fjós	10
Byggingarstig II	11
Byggingarstig III	11
Byggingarstig IV	13
Gripir og sýni	14
Meint íverutóft - borkjarnarannsókn	15
Niðurstöður	16
Lokaorð	17
Heimildir	18
Viðaukar	19
Viðauki I. Borkjarnaskrá	20
Viðauki II. Einingaskrá	22
Viðauki III. Matrix	24
Viðauki IV. Fundaskrá	25
Viðauki V. Sýnaskrá	25
Viðauki VI. Ljósmyndaskrá	26

Útdráttur

Markmið rannsóknar á meintu nautafjösi í Nauthúsabotnum í landi Teigarhorns (hjáleigu Háls) í Múlaþingi (áður Djúpavogshreppi) var að varpa ljósi á nautahald til forna - staðsetningu slíkra fjósa, stærð þeirra og gerð. Aðeins reyndist tími til þess að rannsaka hluta af fremri (nyrðri) helmingi tóftarinnar. Í ljós komu mörg byggingarskeið og á elsta skeiðinu sem var rannsakað, hafði húsið verið notað sem fjós nokkru áður en gjóska úr Örfafjökli féll árið 1362. Yngsta byggingarskeið tóftarinnar er hins vegar frá því eftir að gjóska frá Veiðivötnum féll árið 1477. Of lítill hluti tóftarinnar var rannsakaður til þess að hægt væri að greina hvort að fjósið hafi eingöngu verið notað fyrir naut. Sigin tóft vestan við fjóstóftina var könnuð með borkjarnarannsókn og reyndist hún vera frá svipuðum tíma og fjósið. Ekki var hægt að bora í gegnum grjóthrun og því fengust ekki upplýsingar um gólfög sem gætu gefið hlutverk hennar til kynna. Afstaða tóftarinnar við fjósið bendir hins vegar til þess að um íveruhús sé að ræða. Verkefnið var styrkt af Fornminjasjóði.

Lykilorð


Miðaldir, fjós, nautahald, Austurland, Teigarhorn, landbúnaðarhættir, uppgröftur, Fornminjasjóður

Abstract

The main aim of a recent excavation of an alleged byre for bulls/oxen was to shed light on Viking age and early medieval farming strategies in Iceland, when it was more common to keep large herds of oxen and cows than in later periods. Based on surface appearance, the ruin under investigation was a byre and the first part of the name of the place Nauthúsabotnar also suggested a house for oxen or cows, since the word *naut* can refer to both. The site is in East-Iceland, within the municipality of Múlaþing. A small excavation in the lower (northern) part of the ruin revealed various phases of use for the building. In the earliest phase that was excavated, the building was used as a byre, but it could not be determined if it was used exclusively for oxen or cows, or a mixture of both. It had gone out of use some time before the eruption of Örfafjökull in 1362. The youngest phase of the building post dates an eruption in Veiðivötn in 1477. The byre is next to a small mound with a couple of ruins. Core profiles from these remains suggest that they were out of use and in ruins before 1362. The core could not go through the stone collapse and therefore no cultural layers were retrieved that could indicate the nature of these structures. It is however very likely that there was a dwelling there, associated with the byre. The project received funding from the Archaeological Heritage Fund.

Keywords

Middle ages, byres, cattle rearing, East-Iceland, Teigarhorn, farming strategies, excavation, Archaeological Heritage Fund



Mynd 1. Staðsetningarkort sem sýnir rannsóknarsvæðið og afstöðu milli tófta SM-239:022A, 022B, 022C og 022D í Nauthúsabotum. Mörk uppgraftarsvæðis og hvar borað var eftir jarðvegskjörnum. Númerin aftan við K-in vísa til númera kjarna en lýsing þeirra er að finna í viðauka 1 og bls. 20.



Mynd 2. Nauthúsabotnar við upphaf rannsóknar. Rauður hringur er umhverfis tóft A en hægra megin við hana er tóft C. Myndin er tekin til suðausturs.

Inngangur

Fyrr á öldum var hlutfall nautgripa á móti sauðfé mun hærra en síðar tíðkaðist á Íslandi og miklu minni munur var á hlutfalli nauta og kúa.¹ Á miðöldum eru taldir hafa verið um 80.000 nautgripir í landinu, 50.000 kýr og 30.000 naut.² Endurspeglar þetta háa hlutfall aðrar áherslur í búskap en síðar varð og sú mikla nautaeign sem virðist hafa verið á Íslandi fyrr á öldum gefur til kynna að nautin hafi verið mikilvæg sem vinnudýr en einnig fyrir kjöt- og skinnaframleiðslu. Þegar búfé á Íslandi var talið í fyrsta sinn árið 1703 voru nautgripir á öllu landinu ríflega 31.000 talsins, kýrnar 28.000 og nautin 3.000.³ Gefa þessar tölur til kynna stórkostlegar breytingar í búskaparháttum sem ekki hefur tekist að skýra til hlítar. Með fækkun nautgripa á landinu og ekki síst fækkun nauta verður breyting á þeim húsakosti sem tengist nautgripahaldi.

Nokkur fjós hafa verið grafinn upp á Íslandi, einkum fjós frá fyrstu öldum byggðar á Suðurlandi.⁴ Þeir uppgreftir hafa hins vegar litlar upplýsingar gefið um nautafjós, staðsetningu þeirra og gerð. Víða eru *nauta*-örnefni sem benda til nautahalds⁵ en þeim hefur verið gefinn lítill gaumur og margt er enn á huldu um nautahald miðalda. Ekki er vandalaust að aðgreina nautafjós frá kúafjósum en þó eru vísbendingar um það í nokkrum fornum uppgröfnum fjósum að á básstokki nautsbása hafi verið afgangir steinar þvert á stefnu hússins til þess að ræsta básana fram í flórin. Dæmi um þetta eru á Þórarinsstöðum á Hrunamannaafretti, á

1 Orri Vésteinsson o. fl. (2002), bls. 108-10; McGovern o. fl. (2007), bls. 40-1.

2 Gunnar Karlsson (2009), bls. 127-34.

3 Hagskinna (1997), bls. 279.

4 Sjá samantekt hjá Berson (2002), bls. 34-60. Síðastliðin 25 ár hefur nokkuð bæst við af rannsökuðum fjósum en flest eru þau einnig frá miðöldum.

5 Hafa ber í huga að orðið naut getur vísað bæði til kúa og nauta.

Stöng í Þjórsárdal og í Gröf og á Bæ í Öraefasveit.⁶ Í Gröf virtist helmingur fjóssins hafa verið fyrir naut og hinn helmingurinn fyrir kýr. Aðeins hefur eitt fjós á Austurlandi verið rannsakað með uppgrefti svo vitað sé en það fjós er í Papey, úti fyrir Búlandsnesi og skammt frá Hálsi.⁷

Í landi Teigarhorns í Múlaþingi (áður Djúpavogshreppi) eru *Nauthúsabotnar* og þar eru fornlegar tóftir (SP-239:022) sem voru skráðar þegar gerð var fornleifaskráning á jörðinni árið 2015.⁸ Á meðal minjanna er meint fjóstóft og mögulegur bústaður en hvergi er getið um búsetu á þessum stað í heimildum. Teigarhorn var hjáleiga frá kirkjujörðinni Hálsi sem var með stærri jörðum á svæðinu. Bendir útlit minjanna og örnefnið Nauthúsabotnar til þess að þar hafi verið fjós, mögulega nautafjós frá Hálsi. Leiðin yfir hálsinn á milli bæjarins Háls og meints fjóss um Nautalág er riflega 2 km löng. Ekki er hægt að útiloka að í Nauthúsabotnum hafi verið sjálfstætt býli sem fór í eyði á miðöldum en þetta svæði virðist lengi hafa tilheyrt Hálsi og átti jörðin selstöðu á Búlandsdal þar sem fornbylíð Búland er sagt hafa verið.⁹ Búlandsdalur er í landi Teigarhorns, í um 200 m hæð yfir sjávarmáli.¹⁰ Bærinn á Teigarhorni er niður við ströndina en umfang minja á bærarstæðinu bendir ekki til þess að búseta þar hafi varað lengi eða verið samfelld. Velta má fyrir sér hvort það séu einhver tengsl á milli þess að mannvirki í Nauthúsabotnum eru yfirgefin og byggð hefjist á Teigarhorni og þá hvort þetta hafi orðið í kjölfar breyttra búskaparháttanna og aukinnar áherslu á fiskveiðar. Frekari rannsókna er þörf á svæðinu til þess að hægt sé að átta sig betur á byggðapróuninni í landi Teigarhorns og hvaða samfélags- og umhverfisþættir höfðu áhrif á hana.

Minjarnar í Nauthúsabotnum eru í nokkuð víðum mólendishvammi norðaustan undir lítt grónum klapparhálsnum milli tveggja lækjargilja. Nokkur jarðvegseyðing hefur verið á svæðinu en neðar og norðar eru mýrlend sund þar sem hægt hefur verið að afla heyja. Minjaheildin er á svæði sem er um 45x30m að stærð og snýr austur og vestur. Henni tilheyra fjögur greinanleg mannvirki; þrjár tóftir sem í fornleifaskránni voru aðgreindar með bókstöfunum A, B og C og ein gryfja D. Að auki er lágur rústahóll undir minjum B-D sem ekki var skráður sérstaklega 2015 en er sýndur á mynd 1.¹¹ Árið 2023 fékkst styrkur úr Fornminjasjóði til að sannreyna þá tilgátu að nautafjós hefði verið í Nauthúsabotnum og fór rannsóknin fram 12.-18. júní sama ár. Að rannsókninni komu Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Stefán Ólafsson sem einnig sá um úrvinnslu og skýrslugerð ásamt Kristborgu Þórsdóttur sem var leyfishafi.

Markmið og framkvæmd

Markmið rannsóknarinnar var að kanna aldur og eðli tóftar A (meintu nautafjósi) með litlum uppgrefti og gera borkjarnarannsókn á tóft C (meintum bústað).

Byrjað var á að rannsaka tóft A sem hófst með því að rista torfið af svæði við norður-enda hennar sem var 11x6 m að stærð og sneri þvert á tóftina. Mikið af grjóti var í yfirborðslaginu sem hægði töluvert á vinnunni og var rannsóknarsvæðið fljótlega minnkað niður í 11x2m (sjá mynd 4). Þá voru teknir fimm borkjarnar í og við tóft C til að athuga hvort þar væri gjóska sem gæti gefið hugmynd um aldur hennar og hvort í henni væru sýnileg gólftegund eða ummerki um öskuhaug sem myndi styrkja hugmyndir um að þar hafi verið mannabústaður.

6 Kristján Eldjárn (1949), bls. 28; Gísli Gestsson (1959), bls. 40; Bjarni F. Einarsson (2020), bls. 205; Roussel (1943), bls. 90-91.

7 Kristján Eldjárn (1989), bls. 35-188.

8 Stefán Ólafsson (ritstj.) (2015).

9 Stefán Ólafsson (ritstj.) (2015), bls. 16-18.

10 Ekki fundust nein samfelld gjóskulög sem hægt var að nota til að aldursgreina minjarnar í selinu í borkjarnarannsókn sem gerð var árið 1983 en leirkersbrot frá 17.-18. öld fannst í yngstu minjunum. Guðrún Sveinbjarnardóttir (1992), bls. 73-74.

11 Stefán Ólafsson (ritstj.) (2015), bls. 25-27.


Aðferðafræði

Uppgröftur og skráning

Grafið var í plani á rannsóknarsvæðinu í tóft A og jarðlög, grjót og gripir mæld inn með alstöð (Topcon). Við lok rannsóknar var gerð sniðteikning af suðursniði skurðarins. Sniðteikningin sýnir númeruð jarðlög (einingar) og fylgir skráning þeirra svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording). Skráning mannvistarlaga

við uppgröft fylgir sömu skráningaraðferð (e. single context recording) og er henni lýst í uppgrafthandbók Fornleifastofnunar Íslands.¹² Aðferðin felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingarhluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð

þeirra sem og annað sambengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið, þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í sambengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrafthar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um slík gögn.



Mynd 3. Dæmi um hvernig upplýsingar um jarðlög eru settar fram í sniðteikningu og flæðiriti.

Gripir


Gripir sem finnast við uppgröft eru mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í sambengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftharsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.¹³

Jarðvegssýni

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd eininganúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni.

¹² Lucas (2003).

¹³ Lucas (2003).



Mynd 4. Hér eru uppgräftarmörkin sýnd með brotalínu og einum punkti. Teikningin sýnir byggingarstig I en því tilheyrðu leifar af austur-langhlið [026] og flór [019].

Fjóstóft - uppgröftur og snið

Tóft A er austast á minjasvæðinu í Nauthúsabotnum. Hún er um 22x10 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er í aflíðandi halla til norðurs og skiptist í þrjú hólf sem í áðurnefndri fornleifaskrá voru gefin númerin I, II og III til aðgreiningar.¹⁴ Rannsóknin beindist að hólfi I sem er fremst (nyrst) í tóftinni. Uppgräftarsvæðið var upphaflega 11x6 m að stærð en var fljótlega minnkað niður í 11x2m. Það var látið snúa austur-vestur, þvert á tóftina. Grafið var í plani niður að flór eða að yngsta yfirborði fjóss en ekki í gegnum það.

Byggingastig I, fjós.

Neðst í skurðinum var hellulagður flór [019] sem sannar þá tilgátu að þarna hafi verið fjós. Hluti flórsins var grafinn fram í plani en hann var ekki grafinn upp. Breidd hans á yfirborði reyndist vera 110-120cm en ekki er vitað hvort grafið var fyrir honum. Engin augljós ummerki eftir mykju fundust í eða við flórinn [019] og mun henni hafa verið samvisskusamlega mokað út úr fjósinu en

¹⁴ Stefán Ólafsson (ritstj.) (2015), bls. 25-27.



Mynd 5. Flór [019] var hellulagður og var um 110-120cm breiddur




Mynd 6. Áður en flór [019] var grafinn fram kom í ljós stór hella sem sett hafði verið ofna í flórinn eftir að hætt var að nota mannvirkið sem fjós. Hellan hefur að öllum líkindum verið notuð sem beisla í fjósinu.

einnig er ekki útilokað að hún hafi veðrast það mikið að hennar varð ekki vart. Austan við flór [019] var torf- og grjóthlaðinn útveggur og var hann skráður undir tveimur einingunúmerum [017] og [025]. Þessi útveggur hefur myndað austurlanghlið fjóssins. Hann reyndist vera 157 cm að breidd og 55 cm á hæð. Austari vegghlutinn [025] gæti verið upphafleg vegghleðsla fjóssins. Vestan og innan við vegghluta [025] var vegghluti [017] sem var úr blönduðu jarðefni, torfsneplum og uppmokuðum jarðvegi. Þetta var líklega yngri viðbót við vegg [025] og mun hafa tengst viðhaldi á veggnum. Allt bendir til þess að eldri hlutinn [025] hafi verið eitthvað snyrtur eða skorinn áður en yngri hleðslunni [017] var bætt við. Framvegis verður fjallað um þessa tvo vegghluta undir hópanúmerinu [026].

Byggingarstig II

Neðst í sniðinu, vestan við vegg [026] og austan við flór [019] var jarðlag [018] sem mun að einhverju leyti hafa myndast vegna torfhruns frá vegghluta [017] en einnig var í því móaska og því mun það hafa verið eitthvað blandað. Ofan á jarðlagi [018] og vestan við útvegg



Mynd 7. Minjar á byggingarstig II. Gert hefur verið við austur-langhliðina eða bætt við hana með uppmokuðu jarðefni og blönduðu torfi [014]. Ekki er ljóst hvort að flórinn [019] hafi verið í notkun á sama tíma en ýmlegt bendir til þess að svo hafi ekki verið.


[026] var önnur viðgerð [014] á austur-langhliðinni. Þessi vegghluti var úr uppmokuðu jarðefni áþekku því sem var í vegghluta [017]. Yfirborð jarðlags [018] virðist því hafa verið sá gólfötur sem notast var við í tengslum við þennan vegghluta [014]. Jarðlag [018] lá að hluta yfir flór [019] en var þar skorið af rofi [033] og því virtist ekkert augljóst sambandi milli veggjar [014] og flórs [019]. Það er því líklegt að þegar hér er komið við sögu hafi nýtingin á húsinu verið breytt og það ekki lengur notað sem fjós.



Mynd 8. Í sniðinu sást eldstæði [022] sem tilheyrir byggingarstigi III. Því hafði verið valin staður yfir flórnum sem hafður verið hulinn með sandi [016] og örðu jöfnunarlagi [009] og var skýrt merki um breytt um hlutverk mannvirkisins.

Byggingarstig III

Yfir flórnum lá 5-6 cm þykkt sandlag [016] og var í því vottur af kolaögnum. Þetta mun án efa vera jöfnunarlag, sett yfir flórinn til að hylja hann og fylla í allar glufur til undirbúnings fyrir breytta nýtingu á rýminu. Yfir því var svo annað jöfnunarlag [009] sem var úr mjög blönduðum jarðvegi sem í var mikið af torfsneplum og vottur af kolalinsum.




Mynd 9. Tvískipt teikning af suðursniði uppgrafarsvæðisins sem var um 9,5 m langt. Ofar er austurhluti sniðsins og neðar er vesturhluti þess.

Í því var einnig stór og þung grjóthella sem að öllum líkindum hefur verið notuð sem beisla í fjósinu. Hún var ofan á flórnum, líklega sett þar sem uppfyllingarefni til að jafna yfirborðið. Lagið var grafið í plani og var það allstórt en þar sem það sást í sniðinu var það í tveimur hlutum vegna rofs [030] sem komið hafði í það. Ofan á jarðlagi [009] var eldstæði [022] sem sennilega hefur verið grjóthlaðið en það var ekki grafið upp í plani. Breidd þess eins og það sást í sniðinu var um 55cm og kolasallinn sem í því var 7-8 cm þykkur. Engin gólfög lágu að eldstæðinu vegna tveggja rofsára ([030] og [031]) sitt hvoru megin við það en grjóthellur sem lágu yfir eldstæðinu munu hafa skýlt því. Stór grjóthella við vestari hlið eldstæðisins [022] mun hafa tilheyrt grjótfóðringu þess. Hellan hefur mjög líklega staðið upp á rönd og myndað vestari langhlið eldstæðisins en rof [031] sem komið hefur í jarðlögum vestan við eldstæðið ([020] og [021]) losað um hana og hún sigið yfir það í kjölfarið. Rof [031] var mun gleiðara en rof [030] og hefur eytt hluta af jarðlögum [021] og [020] sem ætla má að hafi þá legið að eldstæðinu en annað þeirra var líklega gólflag [020]. Jarðlag [021] var brúngrátt með gulrauðum yrjum og kolaflekkjum og sennilega sama eða sambærilegt og jarðlag [009] en jarðlag [020] var ofan á jarðlagi [021] var kolalag sem var 3-4cm þykkt og líklega gólflag. Það var í svipaðri hæð í sniðinu og eldstæði [022] og mun meint gólflag [020] og eldstæði [022] líklega tilheyrt sama byggingarskeiði. Í rofsári [031] voru tvö vindblásin jarðlög ([028] og [029]) ásamt grjóthellunni við eldstæðið sem áður hefur verið minnst á. Annað þeirra var lagskipt jarðlag [028] sem lá upp að hellunni og samanstóð af þunnu kolalagi sem var efst í því, þunnu fokmoldarlagi og þunnu sandlagi sem var neðst í því. Hitt jarðlagið [029] var vindblásið jarðefni með torfsneplum og undir því voru jarðlög [021] og [020] sem áður hefur verið lýst. Stórt torfhrunslag [006] var ofan á jarðlögum [009] og [029], eldstæði [022] og vegg [026]. Næstu jarðlög sem þar eru ofan á eru forkmoldarlög [038] og [036] og gjóskulög frá Öraefajökli 1362 [037] og Veiðivötnum 1477 [035] (sýnd með rauðum lit á sniðteikningu) og eru til vitnis um að nýting svæðisins virðist leggjast af um nokkurt skeið. Í jarðlagi [038] var mjög mikið af flötum og þunnum steinhellum sem munu hafa verið nýttar sem þakskífur.

Byggingarstig IV

Vestarlega í sniðinu hafa jarðlög [006] og [002] verið skorin af skurði [032] til að búa til rými fyrir vegg [008]. Veggur [008] var hlaðinn úr grjóti og uppmokuðum jarðvegi. Hann var um 1m að breidd og um 50cm á hæð. Veggur [008] hefur verið hlaðinn eftir að Veiðivatnagjóskan frá 1477 féll. Vestan við hann er 14cm djúpur og 132cm breiður skurður [033] þar sem grafið hefur verið fyrir botni þess mannvirkis sem veggur [008] hefur tilheyrt. Á skurðinum næst




Mynd 10. Minjar á byggingarstigi IV frá því eftir að gjóska úr Veiðivötnum féll 1477. Ekki virðist nýtingin hafa varað í langan tíma en þó var þar eldstæði [011] sem bendir til viðveru fólks. Rauða línan á myndinni sýnir staðsetningu sniðteikningu 2 sem gerð var af eldstæðinu [011], sjá mynd 12.

vegg [008] var um 70° halli niður til vesturs og voru á honum nokkuð skörp horn bæði að ofan og neðan. Botn skurðarins var flatur en hallaði örlítið upp til vesturs að eldstæði [011] ([010], [013] og [015]). Grafið hafði verið fyrir eldstæðinu alveg upp við grjót- og torfhlaðinn vegg [027] sem var vestast í sniðinu. Veggur [027] var um 135cm að breidd og 40cm á hæð. Hann var með grjót-fóðrað innra byrði og stóð nokkuð vel. Hlutar þessa veggis gætu verið í veggstæði vestur-veggis fjóssins sem flór [019] hefur tilheyrt en mun að öllum líkindum hafa verið endurhlaðinn að einhverju eða öllu leyti. Eins og áður sagði var eldstæði [011] alveg upp við vegg [027]. Eldstæðið [011] var að hluta grafið upp í plani en norðurendi þess lá út fyrir uppgraftarmörkin og því er heildarlengd þess óþekkt. Sá hluti eldstæðisins sem var rannsakaður í plani gefur til kynna að gryfjan [015] hafi að lágmarki verið 113cm löng og 18cm djúp. Bæði botn og hliðar höfðu verið fóðruð með hellugrjóti [013]. Grjóthellum hafði verið komið fyrir upp á rönd meðfram eystri hlið gryfjunnar [015] en grjóthleðsla í vegg [027] afmarkaði það til vesturs. Grjóthellurnar [013] náðu um 20cm upp fyrir efri brún gryfju [015]. Í eldstæðinu [011] var tvískipt jarðlag [010] sem var um 4cm þykkt. Efri hluti þess var þétt kolalag sem var um 2cm á þykkt og voru brennd og óbrennd bein í honum. Neðri hluti þess var einnig um 2cm á þykkt og var í honum brúnn jarðvegur sem var mjög fituríkur. Allt rýmið á milli veggja [008] og [027] var fullt af jarðlagi [004] sem einkenndist af torf- og grjóthruni. Vestarlega ofan á vegg [027] var annað torfhrunslag [003] og ofan á því var jarðlag [039] sem var sipað eða sambærilegt og [002]. Þar ofan á var svo gjóska úr Örafajökli 1362 [037]. Jarðlög [003], [039] og [037] voru skorin af skurði [034] sem virðist hafa komið til þegar unnið var að byggingarstigi IV. Öll áður nefnd jarðlög voru svo innsigliuð af grasrótaryfirborði [001] sem í var mikið af grjóti úr veggjahleðslum og þaki.



Mynd 11. Upp við grjótfóðraðan vegg [027] hafði verið grafið fyrir eldstæði [011].



Mynd 12. Þversnið af eldstæði [011].

Gripir og sýni

Aðeins voru tekin tvö sýni í rannsókninni, annars vegar úr gjósku sem telja má víst að sé úr Örafajökulsgosinu frá 1362 og hins vegar kol úr eldstæði [011]. Sýnin hafa ekki verið greind af viðeigandi sérfræðingum.

Mjög fáir gripir fundust en þeir voru aðeins fjórir talsins: brotin steinsleggja, aðfluttur steinn (kvars), dýratönn og járnagl. Þrír af gripunum voru í lagi [002], undir grasrót, en naglinn var í lagi [018] sem var austan við flór [019] og að litlu leyti ofan á honum.



Mynd 13: Mynd tekin beint niður og til suðurs af uppgriftarsvæðinu við lok rannsóknar. Flór [019] sést fyrir miðri mynd.

Meint íverutóft - borkjarnarannsókn

Tóft C vestan við tóft A er 15x10 m að stærð og snýr norður og suður. Hún er á rústahóli sem er 25x34m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er útlöft en skiptist í tvö til þrjú hólf.¹⁵ Þrjú borkjarnar voru teknir í tóftina og tveir norðan við hana í rústahólinn. Borkjarnarnir voru númeraðir frá 1-5 og sést dreifing þeirra á mynd 1. Tilgangurinn með rannsókninni var að fá upplýsingar um aldur minjanna, umfang þeirra og hlutverk. Í öllum borkjörnunum fundust gjóskulög úr Veiðivötnum frá 1477 og Örafajökli frá 1362. Engin augljós mannvistarlög var hægt að sjá í borkjörnum 2-4 en mannvistarlög sáust í borkjörnum 1 og 5. Þau voru undir báðum gjóskunum og því bendir allt til þess að tóftir A og C hafi verið samtíða. Þó að engin greinileg mannvistarlög eins og gólfög hafi fundist í borkjörnum 2 og 3 sem teknir voru innan tóftar C þarf það ekki að útiloka að þau séu til staðar því borinn stöðvaðist á grjóti sem er mjög líklega úr hruni.

Í mannvistarlögnum sem sáust í borkjörnum 1 og 5 voru kolaagnir og vottur af torfi. Almenn er lítið hægt að fullyrða um uppruna kolaagna sem sjást í borkjörnum þar sem þau eru annað hvort tilfokin eða aðborin en hugsanlega geta kolaagnirnar sem sáust í borkjarna 5 bent til umgengni milli tófta A og C þó að lítið sé hægt að fullyrða um það. Sömuleiðis er lítið hægt að fullyrða um þær kolaagnir sem sáust í borkjarna 1 þar sem ekkert gólfag eða eldstæði fannst í tóft C. Hlutverk tóftar C er því enn óþekkt. Borkjarnalýsingar er að finna í viðauka I.

¹⁵ Stefán Ólafsson (ritstj.) (2015), 25-27.

Niðurstöður

Rannsóknin í Nauthúsabotnum leiddi í ljós að tóft C var farin úr notkun og hrunin nokkru fyrir 1362 og að elsta byggingarskeiðið sem rannsakað var í tóft A hafi líklega verið samtíða henni. Rannsóknin leiddi enn fremur í ljós að eftir að tóft A var búin að vera ónotuð um langt skeið var hluti hennar endurnýttur eftir 1477.

Hægt var að greina fjögur byggingarstig í tóft A (I-IV). Elstu minjarnar eða byggingarstig I voru leifar af fjósi, austur-langhlið [025] húss og hellulagður flór [019]. Það hafði verið gert við vegg [025] og var viðgerðin uppmokaður torfhraukur [017] og því ekki vandað til hennar en hún gæti verið vitnisburður um að fjósið hafi verið í notkun um nokkurt skeið. Hér eftir verður fjallað um þessa tvo vegghluta undir hópnúmerinu [026]. Fjósið hefur verið í notkun þó nokkuð fyrir 1362 en minjarnar voru ekki grafnar upp og því er ekki vitað hvort fleiri mannvistarlög/byggingarstig voru undir þeim eða hvenær umsvif hefjast á staðnum.

Fjós frá 9.-14. öld sem hafa verið rannsökuð á Íslandi eru 3,5-4 m að innanmáli.¹⁶ Lengdin milli flórs [019] og austurveggjar [026] er 1,2-1,4m og er það mjög sambærilegt við lengd/dýpt bása í fjósinu á Þórarinsstöðum á Hrunamannafrétti¹⁷ og fleiri miðaldafjósum. Flórinn var 100-120cm að breidd og hafi fjósið verið tvístæðufjós má gera ráð fyrir því að innanmál þess hafi verið um 4m á breidd. Bilið á milli austurveggjar [026] og vesturveggjar [027] eru hins vegar 5,9m sem er býsna breitt fyrir fjós og þar að auki var flórinn ekki fyrir miðju þess rýmis. Út frá þessum staðreyndum og vegna sýnilegra breytinga sem gerðar voru á byggingunni á seinni stigum, munu þessir langveggir ekki eiga saman og eru líkur til þess að vesturvegg fjóssins hafi verið mokað burt að talsverðu leyti þegar unnið var að breytingum sem tilheyra byggingarstigi IV. Engin lífræn jarðlög fundust sem gætu verið leifar mykju á meðan uppgreftri stóð. Helsta ástæðan er sennilega sú að flórinn er enn ógrafinn og þá má vera að fjósið hafi staðið opið fyrir veðrum og vindum eftir að hætt var að nota það.

Þegar kemur að byggingarstigi II hefur orðið breyting á nýtingu mannvirkisins og það ekki lengur nýtt sem fjós. Aftur var gert við austurvegginn [014] sem hlaðinn var ofan á blönduðu torflagi [018]. Þetta jarðlag [018] lá að nokkru leyti yfir flórinn og virðist hafa verið botninn á byggingarstigi II. Það var þó ekki hægt að greina neina ákveðna tegund virkni í tengslum við þessar minjar.

Eldstæði [022] og gólf [020] sem tilheyra byggingarstigi III benda til þess að þá hefist einhvers konar ívera í mannvirkinu, annað hvort heilsárs- eða árstíðabundin. Í flór [019] var afgerandi sandlag [016] sem ekki var hægt að greina utan flórsins og virðist hafa verið sett þar til að jafna vel yfirborð hans. Ofan á því var annað meint jöfnunarlag [009] en í því fannst stór og þung grjóthella sem hafði að öllum líkindum verið nýtt sem beisla í fjósinu (skilrúm milli bása). Hún hafði líka verið sett ofan í flórinn því þar mun hafa verið mesta dældin. Kolasallinn í eldstæðinu [022] var 7-8cm þykkur og í sniðinu umhverfis hann vottaði fyrir flötum hellum sem hafði verði raðað upp á rönd til að varna því að eldurinn teygði sig út fyrir eldstæðið. Í sniðinu var gólflagið [020] 3-4cm þykkt en ekki var hægt að greina lagskiptingu í því sem gæti bent til árstíðabundinnar búsetu. Til samanburðar þá var gólflagið í Grelutóftum um 4cm þykkt¹⁸ og í Herjólfssdal 2-4cm á þykkt.¹⁹

Vesturlanghlið [027] tóftarinnar var grafin fram en að öðru leyti ekki rannsökuð og því er samsetning hennar ekki þekkt en hún mun að öllum líkindum hafa tilheyrt byggingarstigi III að einhverju leyti og jafnvel öðrum byggingarstigum líka þó að ekki væri hægt að sjá þau tengsl í sniðinu. Ástæða þess að ekki var hægt að tengja vegghleðslu [027] við byggingarstig

16 Berson, Bruno (2002), bls. 54.

17 Kristján Eldjárn (1949), bls. 28-29.

18 Guðmundur Ólafsson (1980), bls. 34.

19 Margrét Hermanns-Auðardóttir (1989), bls. 13.

III var sú að eftir að byggingarstig III fór úr notkun virðist hafa komið mikið rof [030] og [031] í tóftina. Þar að auki höfðu framkvæmdir, sem gerðar voru í tengslum við byggingarstig IV og fjallað verður um hér síðar, mikil áhrif. Það eina sem tengir vegghleðslu [027] við byggingarstig III er gjóska [037] úr Örafajökli frá 1362 en hún tengir minjarnar í tíma.

Eftir að rofið [030] ≠ [031] hafði tekið sinn toll af minjunum falla tvær gjóskur [037] og [035] yfir hana. Eldri gjóskan [037] úr Örafajökli frá 1362 en yngri gjóskan [035] úr Veiðivötnum frá 1477. Ekki var hægt að sjá neina sýnilega nýtingu á tóftinni á þessu tímabili en eftir 1477 verður aftur vart við umsvif manna í vesturhluta tóftarinnar og er þá komið að byggingarstigi IV. Byrjað hefur verið á því að grafa fyrir litlu rými [032] ≠ [033] ≠ [034] og vegg [008]. Breidd þessa rýmis var um 1,5m að breidd og veggurinn [008] um 1m á breidd (sjá skurðarmörk [032], [033] og [034]). Þegar grafið var fyrir þessu rými virðist sem farið hafi verið ofan í langvegg [027] á vesturhlið fjóssins og megnið af honum grafið burt. Það getur þó vel verið að það svæði hafi þegar verið mikið skemmt vegna þess rofs sem komið hafði í tóftina. Innrabyrði vesturveggjar [027] virðist hafa verið hlaðið upp með grjóti og svo var nýr austurveggur [008] fyrir þetta mannvirki hlaðinn. Veggur [008] var hlaðinn upp að skurðarbakka [032] úr uppmokuðum jarðvegi og grjóti. Ekkert gólflag fannst í rýminu á milli veggja [008] og [027] en aftur á móti var lítið og aflangt, niðurgrafið eldstæði [011] vestast í því. Skortur á gólflögum bendir til þess að notkun rýmisins hafi ekki varað lengi og óvíst er að varanlegt þak hafi verið á því en ef til vill aðeins tjaldað yfir það. Ekki er ljóst, út frá gjóskulögum, hvenær umsvifum á þessum stað var hætt.

Lokaorð

Í Nauthúsabotnum var fornt fjós sem fór snemma úr notkun, líklega á 13. öld. Það var samtíða elstu sýnilegu minjunum sem eru á lágum rústahóli til vesturs. Afstaða fjóssins við þær minjar bendir til þess að þar hafi verið íveruhús en ekki var hægt að sýna fram á það. Ekki reyndist heldur unnt að sýna fram á að fjósið í Nauthúsabotnum hafi eingöngu verið fyrir nautgripi en til þess þyrfti að opna stærra svæði og grafa fjósið upp í heild sinni. Mannvirkið er stórt og líklegt að innri hluti þess hafi verið hlaða en án frekari rannsóknar er ekkert hægt að segja til um það með vissu, né heldur hversu stór hlaðan hefur þá verið. Dæmi um tvö fjós frá svipuðum tíma sem hafa verið rannsökuð á Bæ og í Gröf í Örafasveit sýna talsverðan breytileika á stærð fjóss og sambyggðrar hlöðu og því ekki hægt að gefa sér neitt í þeim efnum.

Enn er margt á huldu um það hvernig svæðið í Nauthúsabotnum var nýtt og hvernig það þróaðist. Eftir að hætt var að nota fjósið sem slíkt var húsið tekið aftur í notkun og þá virðist hafa verið búið í því um nokkurt skeið en ekki er ljóst hvort sú búseta var skammvin eða ekki. Mannvirkið var yfirgefið fyrir 1362 en aftur tekið í notkun eftir 1477 og þá breytt og aðlagð að annari nýtingu. Það er því ljóst að saga fjóssins í Nauthúsabotnum er nokkuð flóknari en virtist við fyrstu sýn og fleiri spurningar sem vöknðu en náðist að svara.

Heimildir

- Berson, Bruno (2002). „A Contribution to the Study of the Medieval Icelandic Farm: The Byres.“ *Archaeologia islandica* 2. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, bls. 34-60.
- Bjarni F. Einarsson (2020). *Bærinn sem hvarf í ösku og eldi 1362*. Reykjavík: Skrudda.
- Gísli Gestsson (1959). „Gröf í Öræfum.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1959*. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag, bls. 5-87.
- Guðmundur Ólafsson (1980). „Grelutóttir. Landnámsbær á Eyri við Arnarfjörð.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1979*. Kristján Eldjárn (ritst.). Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag, bls. 25-73.
- Guðrún Sveinbjarnardóttir (1992). *Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: An Interdisciplinary Study*. Oxbow Monograph 17. Oxford: Oxbow books.
- Gunnar Karlsson (2009). *Lífsbjörg Íslendinga frá 10. öld til 16. aldar. Handbók í íslenskri miðaldasögu III*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland. Icelandic Historical Statistics* (1997). Ritstj. Guðmundur Jónsson, Magnús S. Magnússon. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Kristján Eldjárn (1949). „Eyðibýggð á Hrunamannafrétti.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1943-1948*. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag, bls. 1–43.
- Kristján Eldjárn. 1989. „Papey.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1988*. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag, bls. 35–188.
- Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Margrét Hermanns-Auðardóttir (1989). *Íslands tidiga bosättning. Studier med utgangspunkt i merovingertida-vikingatida gårdslämnningar i Herjólfssdalur, Vestmannaeyjar, Island*. Umeå : Umeå Universitet Arkeologiska institutionen.
- McGovern, Thomas H., Orri Vesteinsson, Adolf Fridriksson, Mike Church, Ian Lawson, Ian A. Simpson, Arni Einarsson, Andrew Dugmore, Gordon Cook, Sophia Perdikaris, Kevin J. Edwards, Amanda Thomson, W. Paul Adderley, Anthony Newton, Gavin Lucas, Ragnar Edvardsson, Oscar Aldred og Elaine Dunbar (2007). „Landscapes of Settlement in Northern Iceland. Historical Ecology of Human Impact and Climate Fluctuation on the Millennial Scale.“ *American Anthropologist*, 109:1, bls. 27-51.
- Orri Vesteinsson, Thomas H. McGovern, og Christian Keller (2002). „Enduring Impacts: Social and Environmental Aspects of Viking Age Settlement in Iceland and Greenland.“ *Archaeologia islandica* 2, bls. 98-136.
- Roussel, Aage (1943). „Stöng, Þjórsárdalur.“ *Forntida gårdar í Island. Nordiska arkeologiska undersökningen i Island 1939*. Ritstj. Martin Stenberger. Köbenhavn: Munksgaard, bls. 72-97.
- Stefán Ólafsson (ritstj.) (2015). *Fornleifaskráning í landi Teigarhorns*. FS565-15181. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Viðaukar

Viðauki I - Borkjarnar

Rannsóknarstaður	Mynd númer	Númer kjarna	Heildardýpt kjarna (cm)	Dýpt jarðlags (cm)	Lýsing á jarðlagi	Túlkun/ athugasemd	Nafn	Dags.
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9325-9326	1	46	0-4	Grastrót		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9325-9326	1	46	4-7	Yfirborðslag		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9325-9326	1	46	7-15	Áfok, rauðbrúnt		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9325-9326	1	46	15-20,5	Svört gjóska - V-1477		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9325-9326	1	46	20,5-21,5	Áfok, grá-rauðbrúnt		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9325-9326	1	46	21,5-23,5	Ljós gjóska Ö-1362		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9325-9326	1	46	23,5-38	Áfok, rauðbrúnt		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9325-9326	1	46	38-46	Flekkótt lag, rauðleitur jarðvegur með torfi og kolum	Stoppað á steini	KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9328	2	31	0-8	Grastrót		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9328	2	31	8-11	Yfirborðslag		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9328	2	31	11-15	Svört gjóska - V-1477		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9328	2	31	15-16	Áfok, grábrúnt		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9328	2	31	16-17	Ljós gjóska Ö-1362		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9328	2	31	17-31	Rauðleitt áfok með 1 mm kornum í, gæti verið gjóska?	Stoppað á steini	KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9330	3	24	0-8	Grastrót		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9330	3	24	8-13,5	Áfok, dökkt, grábrúnt. Líklega blandað V-1477		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9330	3	24	13,5-15	Ljós gjóska Ö-1362		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9330	3	24	15-24	Áfok, grá-/rauðleitt	Stoppað á steini	KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9332	4	23	0-6,5	Grastrót		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9332	4	23	6,5-10	Áfok, grábrúnt		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9332	4	23	10-12,5	Svört gjóska - V-1477		KÞ	6/14/23


Rannsóknarstaður	Mynd númer	Númer kjarna	Heildardýpt kjarna (cm)	Dýpt jarðlags (cm)	Lýsing á jarðlagi	Túlkun/ athugasemd	Nafn	Dags.
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9332	4	23	12,5-19	Ljós gjóska Ö-1362		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9332	4	23	19-23	Áfok, rauðbrúnt	Stoppað á steini	KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9334-9336	5	88	0-9	Grasrót		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9334-9336	5	88	9-12,5	Áfok, grábrúnt, mögulega með gjósku V-1477		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9334-9336	5	88	12,5-16	Áfok, rauðleitt. Mögulega blandað gjósku Ö-1362		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9334-9336	5	88	16-37	Áfok, rauðleitt með kolaögnum		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9334-9336	5	88	37-40	Áfok, grábrúnt með kolaögnum		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9334-9336	5	88	40-48	Áfok, rauðleitt með smáum kolaögnum		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9334-9336	5	88	48-51	Áfok, grábrúnt		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9334-9336	5	88	51-55	Áfok, rauðleitt með örkolum		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9334-9336	5	88	55-69	Nokkuð lagskipt/flekkótt lag með torfi, kolum og brenndum beinum		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9334-9336	5	88	69-73	Flekkótt lag, rauðleitt með fínni mól		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9334-9336	5	88	73-74	Möguleg dökk gjóska, finkornótt		KÞ	6/14/23
Nauthúsabotnar, Teigarhorn	IMG_9334-9336	5	88	74-88	Flekkótt lag, líklega torf með kolaögnum		KÞ	6/14/23

Viðauki II - Einingaskrá

Eininga- númer	Rann- sóknar- númer	Svæði	Byggingarstig	Tegund	Lýsing	Dagsetning	ID
001	2023-24	1	0	Jarðlag	Grasrót	6/12/23	Kb/SÓ/SGB
002	2023-24	1	0	Jarðlag	Yfirborðslag með grjóti.	6/12/23	Kb/SÓ/SGB
003	2023-24	1	0	Jarðlag	Hrun/elsti hluti vestur veggjar.	6/14/23	SÓ
004	2023-24	1	0	Jarðlag	Hrun í meintu hólfi.	6/14/23	SÓ
005	2023-24	1	0	Jarðlag	Jarðvegssuppsöfnun og hleðslu- grjót sem er ekki á sínum upphaf- lega stað.	6/14/23	Kb/SGB
006	2023-24	1	0	Jarðlag	Hrun í aðalhólfi.	6/14/23	Kb/SGB
007	2023-24	1	0	Jarðlag	Hrun/efsti hluti austur veggjar.	6/14/23	Kb/SGB
008	2023-24	1	IV	Hleðsla	Veggur milli hólfa - mögulega seinni fasi.	6/15/23	SÓ
009	2023-24	1	III	Jarðlag	Blandað torfhrunslag. Jarðlag með rauðgulum flekkjum og kolalinsum.	6/15/23	Kb/SGB
010	2023-24	1	IV	Jarðlag	Kolalag í mögulegu eldstæði.	6/15/23	SÓ
011	2023-24	1	IV	Hópur	Eldstæði ([010], [013] og [015]).	6/16/23	SÓ
012	2023-24	1	0	Jarðlag	Grjót efst í austurvegg, líklega hrun.	6/16/23	SGB
013	2023-24	1	IV	Hleðsla	Grjót í eldstæði.	6/16/23	SÓ
014	2023-24	1	III	Hleðsla	Veggur / austurveggur.	6/16/23	SGB
015	2023-24	1	IV	Skurður	Skurður fyrir eldstæði.	6/16/23	SÓ
016	2023-24	1	III	Jarðlag	Sandlag í miðri tóft undir [009].	6/16/23	Kb
017	2023-24	1	I/II	Hleðsla	Veggur, viðgerð á austurvegg.	6/16/23	SGB
018	2023-24	1	0	Jarðlag	Blandað jarðlag með torfsnep- plum og móösku austan flórs [019].	6/17/23	SGB
019	2023-24	1	I	Hleðsla	Grjótlagður flór, ógrafinn.	6/17/23	SGB
020	2023-24	1	III	Jarðlag	Kolalag, meint gólf vestan við eldstæði [022].	6/18/23	Kb/SÓ
021	2023-24	1	0	Jarðlag	Brúngrátt lag með gulrauðum yrjum og kolaflekkjum.	6/18/23	Kb/SÓ
022	2023-24	1	III	Jarðlag	Eldstæði - þykkur kolasalli með þunnri áfokslinsu neðarlega. Undir þykkasta kolasallanum var þunn áfokslinsa sem gefið var númerið [024] á vettvangi og undir henni þunnt kolalag sem gefið var númerið [023]. Þessum jarðlögum var bætt við einingu [022] og númeruum [022] og [023] eytt.	6/18/23	Kb/SÓ
023	2023-24	1	III	Jarðlag	Þunnt kolalag undir [022].	6/18/23	Kb/SÓ
024	2023-24	1	III	Jarðlag	Áfokslinsa á milli [022] og [023].	6/18/23	Kb/SÓ
025	2023-24	1	I/II	Jarðlag	Austasti hluti austurveggs.	2/19/26	SÓ
026	2023-24	1	I/II	Hópur	Austurveggur, hlutar [025] og [017].	2/20/26	SÓ
027	2023-24	1	III/IV	Hleðsla	Vesturveggur.	2/21/26	SÓ
028	2023-24	1	0	Jarðlag	Lagskipt jarðlag sem liggur ofan á stórrí hellu sem slútir yfir vesturhlíð eldstæðis [022]. Efst í því er kolalag en neðst í því er sandlinsa. Á milli þessarar laga er rúðbrún fokmold.	2/22/26	SÓ
029	2023-24	1	0	Jarðlag	Vindblásið jarðefni með torfs- nepplum í.	2/23/26	SÓ

